

Fundur í Betadeild 12.mars 2007 haldinn í Glerárskóla

Dagskrá;

1. Setning fundar
 2. Fundargerð síðasta fundar lesin
 3. Merkar konur. Kynning: Erna Hildur Gunnarsdóttir
 4. Kynning og kosning nýrra félagskvenna
 5. Önnur mál
 - a. Landsambandsþing 5 og 6. maí í Reykholti í Borgarfirði
 - b. Evrópuþingið í London
 - c. Afmæli Betadeildar og heiðrun
 6. Erindi: Ingibjörg Auðunsdóttir kynnir meistaraprófsverkefni sitt
 7. Happadrætti og kaffi
-
1. Eygló varaformaður setti fund í fjarveru Maríu, sem var í veikindaleyfi. Hún bar einnig kveðjur frá konum sem ekki komust á fundinn.
 2. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt. Eftir fyrirspurn var upplýst að listi yfir kynntar bækur á bókafundinum hefði verið settur á vef deildar.
 3. Merkar konur. Erna Gunnarsdóttir fjallaði um Þuru í Garði, 1891 – 1963. Þura fæddist í Garði í Mývatnssveit og ólst þar upp í stórum systkinahópi á heimili í þjóðbraut. Þura byrjaði snemma að yrkja vísur sem fóru víða og hún varð eiginlega þjóðsagnapersóna í lifanda lífi.
 4. Kynning og kosning nýrra félagskvenna.
 5. Önnur mál:

Landsambandsþingið 5. – 6. maí. Margar konur úr Betadeild ætla að fara. Enn eru laus herbergi í Reykholti og upplýsingar um þingið má finna á vefsíðu Betadeildar. Undirbúningsnefndir Betadeildar vegna þingsins eru að störfum. Nefndin sem sjá á um atriði deildarinnar leggur áfram á ráðin um tiskusýningu frá 30 ára sögu deildarinnar. Nota má tónlist og tilvísanir í fræga atburði með búningunum. Sögusýningarnefndin áætla að notast meðal annars við fundargerðarbækur og vekja athygli á bókinni um Elísabetu og kortunum með listaverkum hennar. Nefndinni hefur dottið í hug að safna saman merktum pokum frá hinum ýmsu þingum sem konur hafa sótt og óskað er eftir að konur láni nefndinni slíka hluti.

Rósa nefndi að verið sé að stofna nýja deild á Reykjavíkursvæðinu og félagskonur séu velkomnar á stofnfundinn 28. mars.

Evrópuþing í London 1. – 4. ágúst. Á vefsíðu Betadeildar er nú kominn tengill sem vísar á vefsíðu með upplýsingum um Evrópuþingið. Hægt er að bóka gistingu á hótelum á svæðinu, en þann 19. mars verður opnað fyrir bókanir í gistingu á campus-svæði St. Mary's University College. Skráning á þingið sjálft er ekki hafin, en frekari upplýsingar munu birtast í næsta tölublaði DKG News. Nokkrar konur úr Betadeild ætla að fara á þingið.

Afmæli Betadeildar og heiðrun. Bent var á að réttara væri að tala um veitingu viðurkenningar en heiðrun. En stjórn leggur til að Heiðdís Norðfjörð verði veitt viðurkenning Betadeildar 2. júní yfir léttum hádegisverði á veitingastað. Að því loknu væri hægt að fara í hópferð til Húsavíkur undir leiðsögn Margrétar Kristínar þar sem yrði svo borðað um kvöldið. Einnig er hægt að hugsa sér gróðursetningarferð og síðan yrði farið út að borða á Akureyri, eða þá að eingöngu yrði farið út að borða. Vel var tekið í hugmynd um Húsavíkurferð en endanleg ákvörðun verður tekin á næsta fundi. Rætt var hvernig veiting viðurkenningar á að fara fram og var því máli vísað til stjórnar.

Ingibjörg lagði til að fundarkonur fengju sér kaffi á undan erindi hennar. Hún lagði einnig til að fundir hefjist framvegis á veitingum.

6. Ingibjörg Auðunsdóttir kynnti meistaraprófsverkefni sitt. Erindið nefndi hún *Álag eða ánægja. Samstarf skóla við foreldra*. Verkefnið var þróunarverkefni sem unnið var í samstarfi við Oddeyrarskóla 2002 – 2003 og 2003 – 2004 og snerist um nýjar aðferðir í samstarfi skóla við foreldra. Meðal nýjunga voru m.a. heimsóknir kennara á heimili nemenda. Verkefnið þótti bæta tengsl heimila og skóla og skapa aukið öryggi og traust í samskiptum. Að loknu erindi Ingibjargar voru umræður.
7. Í lok fundar fengu konur sér ábót á kaffið og meira af veitingum þeirra Ragnheiðar Stefánsdóttur, Þórönnu og Þorgerðar. Dregið var í happadrætti og vinninginn hlaut Helga.

Fleira ekki gert.
Fundir slitið.

Selma Hauksdóttir